

## **Jón Ólafur Jónsson – fánahyllir 17. júní 2026**

Jón Ólafur Jónsson er fæddur á Ísafirði 5. desember 1940 og flutti til Keflavíkur árið 1963.

Jón Óli er giftur Sigurbjörgu Gunnarsdóttur, fyrrum starfsmanni Sparisjóðs Keflavíkur og eiga þau þrjú börn Guðbjörgu, Gunnar Magnús og Thelmu. Þá eru barnabörnin sjö og barnabarnabörnin orðin tvö.

Jón Óli starfaði fyrstu árin sín í Keflavík í Kyndli og hjá Kaupfélagi Suðurnesja. Þá hóf hann störf í Fríhöfninni árið 1971 og var þar í tíu ár þangað til hann að flutti sig yfir í Útvegsbankann, síðar Íslandsbanka, þar sem hann lauk starfsferlinum eftir 25 ár, árið 2006.

Fljótlega eftir komuna suður byrjaði hann að æfa knattspyrnu með Keflavík og varð einn af máttarstólpunum í Gullaldarliði félagsins á árunum 1963 til 1977. Hann varð Íslandsmeistari með liðinu fjórum sinnum, einu sinni bikarmeistari og spilaði tvo leiki með íslenska landsliðinu.

Jón Óli hefur í gegnum tíðina tekið virkan þátt í ýmsum samfélagsmálum. Hann sat í bæjarstjórn frá árunum 1978 til 1982 og síðan aftur 1986 til 1990.

Hann sat í stjórn ÍBK, KSÍ, Billjardsambands Íslands, Golfklúbbs Suðurnesja og Landssambands eldri kylfinga þar sem hann var einnig landsliðsmaður. Jón Óli hefur sömuleiðis verið stjórnarmaður í Lionsklúbbi Keflavíkur, Ballskáfélagi eldri borgara og í Félagi eldri borgara á Suðurnesjum, þar sem hann er nú varaformaður. Þá var Jón Óli í mars síðastliðnum sæmdur gullheiðursmerki Keflavíkur.

Reykjanesbær færir Jóni kærar þakkir fyrir ómetanleg störf hans í þágu samfélagsins og er hann vel að þessum heiðri kominn.

Megir þú hafa þökk fyrir.